



Árshlutareikningur Bygðastofnunar janúar-júní 2020

Árshlutareikningur Bygðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2020, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 28. ágúst 2020.

Tap tímabilsins nam 76,9 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok júní skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 20,0%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Bygðastofnunar janúar-júní 2020

- Tap tímabilsins nam 76,9 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 20,0% en skal að lágmarki vera 8% auk 2,5% verndunarauka, eða samtals 10,50%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 265 milljónir króna eða 41,8% af vaxtatekjum, samanborið við 253 milljónir króna (41,5% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2019.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 276,7 milljónum króna samanborið við 288,4 milljónir árið 2019.
- Eignir námu 18.852 milljónum króna og hafa hækkað um 2.376 milljónir frá árslokum 2019. Þar af voru útlán 15.796 milljónir samanborið við 13.039 milljónir í lok árs 2019.
- Skuldir námu 15.712 milljónum króna og hækkuðu um 2.453 milljónir frá árslokum 2019.

Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni.

Áhrif COVID-19 á rekstur Bygðastofnunar hafa að mestu komið fram í fjölda beiðna um frestun greiðslna á lánum viðskiptavina hennar. Stofnunin er þátttakandi í samkomulagi viðskiptabanka, lánastofnana og lífeyrissjóða um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs COVID-19 og gildir það til 30. september 2020. Það felur í sér að greiðslufrestir vegna áhrifa COVID-19 verði veittir til áramóta að hámarki.



Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr árshlutareikningi og samanburður við fyrri ár

	30.6.2020	2019	30.6.2019	2018	30.6.2018	2017
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	635.771	1.172.444	610.106	1.098.491	512.974	855.106
Vaxtagjöld	370.277	662.991	356.982	630.646	285.375	428.828
<i>Hreinar vaxtatekjur</i>	<i>265.494</i>	<i>509.454</i>	<i>253.123</i>	<i>467.845</i>	<i>227.599</i>	<i>426.278</i>
Rekstrartekjur	273.876	645.486	281.410	616.573	296.438	549.588
<i>Hreinar rekstrartekjur</i>	<i>539.370</i>	<i>1.154.940</i>	<i>534.533</i>	<i>1.084.418</i>	<i>524.037</i>	<i>975.866</i>
Rekstrargjöld	616.295	1.059.525	509.786	971.031	461.344	876.235
Hagnaður (-tap) ársins	-76.925	95.415	24.747	113.387	62.693	99.631

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár
Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf.

	161.543	182.258	78.868	114.851	25.226	111.179
--	---------	---------	--------	---------	--------	---------

Efnahagsreikningur	30.6.2020	31.12.2019	30.6.2019	31.12.2018	30.6.2018	31.12.2017
Eignir						
Bankainnistæður	634.392	474.679	2.196.940	1.102.471	1.188.208	1.089.861
Útlán til viðskiptavina	15.795.676	13.850.098	13.039.452	12.113.274	12.078.084	10.463.653
Fullnustueignir	379.010	441.010	363.902	347.510	330.010	340.510
Veltuhlutabréf	609.080	585.845	587.355	571.706	564.108	594.926
Hlutdeildarfélag	679.808	682.252	674.017	642.237	647.421	576.288
Skuldunautar	14.982	26.599	6.023	29.713	4.535	14.147
Varanlegir rekstrarfjármunir	738.683	414.975	184.794	79.403	69.416	53.858
Eignir samtals	18.851.631	16.475.459	17.052.483	14.886.313	14.881.780	13.133.244

Skuldir og eigið fé						
Lántökur og skuldabréfa-útgáfur	15.275.843	13.014.318	13.678.567	11.504.095	11.641.706	9.920.045
Óráðstöfuð framlög	316.558	119.710	96.590	123.593	60.030	130.852
Aðrar skuldir	120.059	125.336	131.899	137.944	110.057	75.053
Skuldir samtals	15.712.460	13.259.364	13.907.056	11.765.633	11.811.793	10.125.951

Eigið fé	3.139.170	3.216.095	3.145.427	3.120.680	3.069.987	3.007.293
Skuldir og eigið fé samtals	18.851.631	16.475.459	17.052.483	14.886.313	14.881.780	13.133.244

Sjóðstreymi	30.6.2020	2019	30.6.2019	2018	30.6.2018	2017
Handbært fé (-til) frá rekstri	74.505	427.163	75.290	248.164	-10.848	290.075
Fjárfestingarhreyfingar	-1.800.275	-2.220.233	-767.911	-1.327.614	-1.436.272	-765.620
Fjármögnunarhreyfingar	1.885.483	1.165.279	1.787.092	1.092.060	1.545.468	-1.192.136
<i>Hækkun/(-lækkun) á handb. fé</i>	<i>159.713</i>	<i>-627.791</i>	<i>1.094.470</i>	<i>12.610</i>	<i>98.347</i>	<i>-1.667.681</i>
Handbært fé í ársbyrjun	474.679	1.102.471	1.102.471	1.089.861	1.089.861	2.757.542
Handbært fé í árslok/lok tímabils	634.392	474.679	2.196.940	1.102.471	1.188.208	1.089.861

Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	20,00%	19,25%	20,07%	21,45%	21,73%	23,57%
--	--------	--------	--------	--------	--------	--------